

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnaeiming ehf Seljuvogi 14 Reykjanesbæ



Dags eftirlits	5.5.2015	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Efnaeiming ehf	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Seljuvogi 14	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	670302-2880	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Róbert	ÍSAT nr.	38.22
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik voru skráð við eftirlit. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila er þegar búið að bæta úr fyrra frávikinu. Seinna frávikid varðar meðhöndlun spilliefna en skv. ákvæði 2.9 í starfsleyfi skulu spilliefni vera geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Þá skuli einstökum tegundum spilliefna haldið aðgreindum. Engar merkingar voru á ílátum utandyra og ekki sjáanlegt skipulag á geymslu þeirra. Skv. grein 8.1 í reglugerð skal merkja umbúðir spilliefna þannig að fram komi upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn. Engar merkingar voru til staðar á spilliefnaílátum. Þá voru spilliefni meðhöndluð innandyra en ekki er heimild fyrir því í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í kjölfar ábendinga sem borist hafa vegna starfseminnar. Aðstaða og umhverfi var skoðað og myndir teknar.

Gengið var um svæðið í fylgd starfsmanns Efnaeimingar. Í grein 2.9 í starfsleyfi kemur fram að spilliefnum skuli komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Töluvert var af spilliefnaílátum á svæðinu en ekkert skipulag virtist vera á uppröðun þeirra. Engar merkingar voru á ílátum en starfsmaður sagðist vita hvað væri í þeim. Bambar voru flestir geymdir við girðingu í fjarlægð frá húsi sem er í samræmi við starfsleyfi.

Ummerki voru um leka frá einu íláti sem í var glær vökví og var væg leysiefnalykt af því sem lak frá ílátinu - engar merkingar voru þó til staðar. Dropaði nokkuð reglulega frá ílátinu og pollur var á jörðinni.

Safnþró var lokuð og er tæmd reglulega skv. upplýsingum frá starfsmanni. Það sem kemur úr safnþró er safnað saman og geymt á athafnasvæðinu.

Girðing var rofin á tveimur stöðum, skv. upplýsingum starfsmanns hafði hún skemmst í óveðri sem gekk yfir landið fyrr í vor.

Frávik frá

Grein 2.1 í starfsleyfi um umhverfi og takmörkun aðgangs.

Lýsing á frávikum

Girðing var rofin á tveimur stöðum og auðvelt fyrir óviðkomandi að komast inn á svæðið.

Skv. upplýsingum frá rekstraraðila lauk viðgerð á girðingu daginn eftir heimsókn Umhverfisstofnunar

Grein 2.9 um meðhöndlun spilliefna

Meðhöndlun spilliefna var ábótavant, engar merkingar voru til staðar á spilliefnaílátum og ekkert skipulag var merkjanlegt við geymslu þeirra. Þá var leki úr einu láti en engar merkingar voru á ílátinu og því ekki upplýsingar til staðar um hvað væri að leka. Þá voru spilliefni til staðar innandyra en starfsleyfi gerir ekki ráð fyrir því.

ANNAR

Eitthvað var um að úrgangur væri geymdur utan við athafnasvæði Efnaeimingar sem líklegast var Efnaeimingu óviðkomandi enda ekki um spilliefni að ræða.

Athugasemdir frá rekstraraðila við drögum að eftirlitsskýrslu bárust 22. maí s.l. og er búið að taka tillit til þeirra í lokaskýrslu.

Reykjavík,

08.06.2015

Sigríður Kristj.

Sigríður Kristjánsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.